

**Mercado REAL MOBIL 6100, notkunarleiðbeiningar****Upplýsingar**

Innirafmagnshjólástóll
Þyngd stóls 74,5 kg með rafgeymum
Hámarkshraði 4,5 km / klst
Akstur pr. hleðslu 8 klst
Hleðslutími 6-8 klst
Heildarbreidd 65 cm
Heildarlengd 80 cm
Setbreidd 33-48 cm
Sethæð 49-77 / 44-64 cm
Setdýpt 35-48 cm
Halli á setu -2°
Bakhæð 36-42 cm
Bakhalli -15° - + 45°
Snýst á punktinum
Lægsti punktur 3,5 cm
Fer yfir 4 cm hindrun
Arma er hægt að leggja aftur
Öryggislæsing á hæðarstillingu á örmum
Fótafjöl er stillanleg í hæð og halla
Sæti "Slow Recovery" lagar sig að líkam-
anum og dreifir þrýstingi
Stjórntæki er hægt að flytja til hliðar
Stjórntæki er hægt að setja á hæ / vi arm
Hægt að stilla stjórntæki fram og til baka
2 stk þurrgeymar
Hægt er að fá aukaluti ss.bolstuðninga ofl.

Er prófaður af Hjálpmæðilsinstitútet (HI)

Segulykill fylgir sem öryggislæsing

Ef slökkt er á stólnum með segulyklinum þá er ekki hægt að kveikja á honum aftur nema með lyklinum. Stóllinn er læstur. Það þarf að ýta á rofann, þá kemur ljós á lykil-táknið á stjórntækinu og þarf að bera segulykilinn að lykiltákninu á stjórntækinu. Ef slökkt er á stólnum með því að ýta á rofann þá er í lagi að kveikja á stólnum á sama hátt.

Forritunarbox

Hægt er að forrita stólinn og til þess þarf sérstakt forritunarbox. Þá er hægt að ákveða hröðun, hámarkshraða og næmni stýripinna.

Hleðsla

Það þarf að hlaða stólinn þegar gult og rautt ljós loga eingöngu á hleðsluröndinni. Grænt ljós logar þegar stóllinn er fullhlaðinn (þe. öll ljós loga). Þegar rautt ljós logar eingöngu má ekki aka stólnum því þá er hægt að eyðileggja rafgeymana. Þegar rautt ljós logar eingöngu þá er aðeins 10% af hleðslunni eftir. Hleðsla fer fram á framanverðu stjórntækinu og á að vera slökkt á stólnum þegar hann er hlaðinn. Stóllinn er fullhlaðinn þegar ljós hefur slökknad á hleðslutækinu.

Stjórnbbox :

Hvítur takki 1/0 er rofi til að kveikja og slökka, þar í neðri línu er lykiltákn sem maður ber segulykilinn að t að læsa stólnum. Hleðslutækið er tengt framan við stjórntækið.

Blár takki með teikningu á er valrofinn fyrir akstur **1=minni hraði** og **2=meiri hraði**. Mikilvægt er að byrja á aka stólnum á hraða 1 meðan verið er að venjast honum. Ýta pinna áfram til að aka áfram og afturábak til a bakka. Þegar notuð er lyfta eða rafknúid bak eða fótajalir þá skal ýta á **rauða takkann** og til að fara á milli l og annarra stillimöguleika ss. Fótajala eða baks þá ýta stjórnpinnanum til hliðar.

ÖRYGGISATRÍÐI - mikilvægt að lesa ! Hlaða skal stólinn reglulega (daglega).

Þegar sætinu hefur verið lyft má ALLS EKKI aka stólnum né halla sætinu.

Hjól:

Driflokur verða að vera á hjólum annars er ekki hægt að aka stólnum. Það þarf að snúa 1/4 úr hring til þess að losa driflokurnar og snúa til baka til að festa. Til að læsa hjólin í drifstöðu þarf að ýta stýripinnanum örlítið áfram.

Þrif :

Stólnum skal haldið frá miklu ryki og óhreinindum. Strjúka skal af málmhlutum og örmum með rökum klút. Það þarf að fylgjast reglulega með ryki og óhreinindum á rafmagnslyftu. Setja sæti í efstu stöðu, þurrka af með þurrum klút. Má ekki nota vatn né annað blautt á lyftustólpann. Smyrja lyftustólpann með þunnu lagi af Teflon- eða Silicon fitu eftir að hann hefur verið þrifinn.

Sæti og bak skal þrifið með svamphreinsilegi. Hægt er að fá aukaáklæði á setu og bak.

Seljandi : EIRBERG EHF.

Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími 569 3100

Fax 569 3101

Netfang eirberg@eirberg.is
www.eirberg.is